



Stjórn FÍR

Reykjavík 6. maí 2021

Fundarstaður : Stórhöfða 29 þriðja hæð

Mætt voru: Margrét Arnarsdóttir, Guðmundur Ævar Guðmundsson, Þór Hinriksson, Eiríkur Jónsson, Hilmar Guðmannsson, Kristján Helgason og Sigmundur Grétarsson.

Fundur hófst kl. 18:09

Formaður setti fund, bauð fundarmenn velkomna og gekk til dagskrár.

Dagskrá:

1. Fundargerðir

Eftir er að samþykkja fundargerðir funda stjórnar sem haldnir voru 3. mars og 13. apríl á þessu ári. Fundargerðirnar voru sendar stjórn í tölvupósti til yfirferðar og óskað eftir breytingum. Fundargerð 3. mars var send 16. mars og fundargerð frá 13. apríl var send 15. apríl.

Ákveðið að taka fundargerðirnar til afgreiðslu á næsta fundi.

2. Reikningar FÍR fyrir árið 2021

Gjaldkeri leggur fram reikninga félagsins ásamt athugasemdum skoðunarmanna. Helstu tekju- og útgjaldaliðir kynntir.

Umræða.

Stjórn undirritar reikningana.

SPG bókar

-Skoðunarmenn mælast til að félagið móti vinnureglur varðandi kaup á tækjum og búnaði fyrir stjórnarmenn, stilla skal slíkum kaupum í hóf og meta raunverulega þörf. – Ég tek undir þau tilmæli og tel þau falla vel að eftirlitsskyldu stjórnar sem meðal annars er hægt að uppfylla með því að stjórn skoði stöðu félagsins, tekjuflæði og útgjöld, tvisvar til þrisvar sinnum á ári. Ekki skal stofna til útgjalda nema fyrir liggi

samþykkt stjórnarfundar. Vinnureglur slíkar þurfa hvorki að vera langar eða margorðar. Þegar stjórn undirritaði reikninga vantaði undirskrift endurskoðanda og skoðunarmanna.

Verið að vinna að vinnureglum um störf stjórnar og trúnaðarráðs.

3. Önnur mál.

Innri mál stjórnar félagsins rædd.

Formaður vék af fundi undir þessum dagskrárlið. Guðmundur Ævar Guðmundsson varaformaður stýrir fundi.

Formaður kom inn á fund og tók við stjórn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:30

Fundargerð ritaði SPG